

Föstudaginn 15. október 1948.

Nr. 77/1948. Réttvísín og valdstjórnin
(Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn

Magnúsi Tómasi Jónassyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
og

Valdstjórnin
gegn

Jóni Jóhannssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Brot gegn bifreiða- og umferðarlögum og 219. gr. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að refsing ákærða Magnúsar Tómasar Jónassonar þykir hæfilega ákveðin 1000 króna sekt, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo þykir og vararefsing kærða Jóns Jóhannssonar hæfilega ákveðin varðhald 6 daga, verði sekt hans, sem greiðist í ríkissjóð, ekki greidd innan sama frests.

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 350.00. Kærði Jón Jóhannsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 350.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærði og kærði in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 350.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði Jón Jóhannsson greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað

sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00. Kærði Jón Jóhannsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00, greiði ákærði og kærði in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 23. júlí 1947.

Árið 1947, miðvikudaginn 23. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2588—2589/1947: Réttvisin og valdstjórnin gegn Magnúsi Tómasi Jónassyni og valdstjórnin gegn Jóni Jóhannssyni, sem tekið var til dóms þann 16. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðu Magnúsi Tómasi Jónassyni bifreiðarstjóra, Njálsgötu 104 hér í bæ, fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941, og gegn kærða Jóni Jóhannssyni verkamanni, Laugavegi 51 B, hér í bæ, fyrir brot á umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Báðir eru menn þessir komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði er fæddur 19. júní 1917 í Reykjavík, og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt afbrot, en kærði er fæddur 23. febrúar 1910 að Jaðri í Þykkvabæ, og var hann sektaður um kr. 25.00 í lögreglurétti Reykjavíkur þann 26. júní 1941 fyrir ölvun á almannafæri, en hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt öðrum refsingum eða ákærum.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Priðjudaginn 15. október s. l. um kl. 5.30 e. h. ók ákærði vöru-flutningabifreiðinni R 2668 austur Skúlagötu hér í bæ. Kveðst hann ekki hafa verið neitt illa fyrir kallaður til að aka bifreið í þetta skipti og hvorki hafi hann bragðað áfengi þenna dag né næsta dag

áður. Hefur hann borið við rannsókn málsins, að hann hefði fulla sjón á báðum augum og hafi ekið bifreið að staðaldri í 5 ár. Veðri segir ákærði að hafi verið þannig háttað um þetta leyti þessa dags, að rigningarsúld hafi verið og götur blautar og hafi móða og regn sett á rúður bifreiðar hans, en regnþurrka hennar stýrismegin hafi verið í lagi. Er ákærði var kominn móts við Vitastíg á leið sinni austur Skúlagötu, sá hann mann nokkurn, sem síðar reyndist vera kærði, aka hjólbörum á undan sér austur eftir götunni og hélt kærði sig, að því er ákærði telur, því sem næst á miðri götunni með hjólbörur sínar. Kveðst nú ákærði hafa neyðst til að sveigja bifreið sinni allt að því út á hægri vegarhelming sinn til að aka fram hjá kærða, en segist hafa ekið hægt og fyrir neðan hraðahámark innanbæjar. Er ákærði var að aka fram með kærða, kveðst hann hafa litið til hans, til að athuga, hvort hann kæmist slysalaut fram hjá honum, en er hann leit aftur fram á veginn, sá hann mann á bifhjóli fyrir framan bifreið sína. Bifhjól þetta ók vestur götuna, og telur ákærði, að því hafi ekki verið haldið alveg úti á vinstri vegarbrún miðað við stefnu í vestur, er hann koma auga á það, en ekki treystir hann sér til að gizka á um hraða þess þá. Sveigði nú ákærði bifreið sinni til vinstri til að reyna að forða árekstri, en ekki tókst það, og rakst bifhjólið á hægri hlið bifreiðar ákærða um hægri afturhjóli, að því er hann heldur. Stöðvaði hann nú bifreið sína og fór út úr henni, og sá hann þá bifhjólið og manninn, sem ók því, liggja á götunni.

Ekki kveðst ákærði hafa séð til ferða hjólsins fyrr en það var statt rétt fyrir framan bifreið hans, eins og fyrr segir, og hafi honum því ekki unnizt tími til að hemla bifreiðinni áður en áreksturinn varð.

Maður sá, sem ók bifhjólinu R 3945, en það rakst á bifreið ákærða, heitir Guðmundur Kristinn Kristinsson nemandi, Vesturgötu 45 A hér í bæ, og er hann nú 22 ára að aldri. Hefur hann skýrt þannig frá við rannsókn málsins, að hann hafi á umræddum tíma ekið hjóli sínu vestur Skúlagötu og ekki farið hart um það leyti, er áreksturinn skeði. Hafi hvorttveggja valdið því, að gatan hafi verið holótt og ógreiðfær á þessum slóðum, og auk þess telur hann, að ekki sé hægt að aka bifhjólum af þessari gerð hart. Sé það með vél, sem er um eða undir 1 hestafli. Kveðst Guðmundur Kristinn hafa haldið hjólinu vel á vinstra götuhelmingi áður og um það leyti, er áreksturinn varð. Segist hann hafa séð til ferða bifreiðar ákærða nokkru áður en slysið vildi til, og hafi hún þá ekið á vinstri vegarhelmingi, miðað við stefnu í austur, en ekki hafi hann veitt því athygli, hvort hún ók hratt. Leit nú Guðmundur Kristinn upp Vitastíg, til að athuga umferð, er þaðan kynni að koma, og segist hann þá ekki hafa búizt við, að sér stafaði nein hætta af bifreið ákærða, en er hann leit aftur fram fyrir sig, sá hann bifreiðina stefna beint á sig. Kveðst hann þá hafa hemlað hjólinu, og rétt um leið og farartækin (bif-

reiðin og hjólið) voru að mætast, segir hann bifreiðinni hafa verið sveigt til vinstri, miðað við þá átt er hún stefndi í, en hvorugar þessara ráðstafana hafi þó getað forðað árekstri úr því sem komið var, og hafi hjól sitt nú rekizt á hægri hlið bifreiðarinnar, um vörupallinn fremst, og hafi farartækin bæði verið á ferð, er áreksturinn skeði.

Við áreksturinn kastaðist Guðmundur Kristinn af hjólinu og á götuna, en ekki getur hann gert sér grein fyrir, hvernig þetta gerðist nánar. Hann hlaut við þetta allmikil meiðsl, og verður þeirra nánar getið síðar. Einnig skemmdist hjól hans allmikið við áreksturinn.

Guðmundur kveðst ekki hafa veitt kærða athygli, þar sem hann ók hjólbörum sínum austur götuna, en vill þó í sjálfu sér alls ekki rengja, að hann hafi verið þarna á ferli á umræddum tíma.

Hann segir að rigning hafi verið, er slys þetta varð, og byrjað hafi verið að skyggja. Þá hefur hann og látið þess getið, að hann hafi ekið bifhjólinu R 3945 að meira og minna leyti frá því í aprilmánuði 1946, þar til slysið varð, og hefur hann ökuskirteini, útgefið sumarið 1944. Hann segist hafa fulla sjón á báðum augum og áfengi hafi hann aldrei bragðað áður en slysið varð.

Eins og áður er minnzt á, hlaut Guðmundur Kristinn allmikil meiðsl í slysi þessu, og hefur Friðrik Einarsson læknir lýst þeim þannig í vottorði, útgefnu þann 15. janúar s. l.:

„Eftirfarandi upplýsingar eru gefnar samkvæmt beiðni frá skrifstofu sakadómarans í Reykjavík.

Guðmundur Kristinn Guðmundsson, 21 árs gamall, f. 7/7 '25, ógiftur skrifstofumaður, til heimilis Vesturgötu 46 A í Reykjavík, lá hér á Landsspítalanum, handlæknisdeildinni, 1 $\frac{5}{10}$ —1 $\frac{1}{11}$ 1946.

Diagnosis: Fractura processu transversu vertebrae columnae lumbalis I.—IV. (brot á þvertindum : I.—IV. hryggjarlið í mjóbaki).

Hæmophilia (blæðingarsjúkdómur, sem ekki stafar af slysi). Sjúklingurinn upplýsir, að hann hafi verið akandi á mótorhjóli, en bíll, sem hafi verið á götunni, hafi skyndilega sveigt fyrir hann, með þeim afleiðingum, að sjúklingurinn féll á götuna. Eftir fallið fann hann til verkja í hægri öxl og í baki. Við skoðun sést marblettur ofan á hægri öxl, og sjúklingurinn kvartar um eymsli í öxlinni og um eymsli og verki í mjóbaki.

Næstu daga kom fram mikið mar og blæðing undir húðinni á öllu bakinu hægra megin.

Við röntgenskoðun 1 $\frac{6}{11}$ fannst, að þvertindar voru brotnir í I—IV. mjóbakshryggjarliðum. Auk þess sást nokkur hryggskekkja, (sem varla getur komið slysi þessu við).

Sjúklingurinn lá hér í rúminu vegna afleiðinga slyssins, og fékk blóðflutning tvisvar sinnum vegna blóðleysis, sem orsakast hafði af nefndum blæðingum undir húð.

Honum leið vel og var hann verkjalaus, þegar hann fór af spítalanum 1 $\frac{1}{11}$ 1946.“

Eftir leguna á Landsspítalanum, sem lauk þann 11. nóvember, kveðst Guðmundur hafa legið rúmfastur í heimahúsum í 3 vikur, og taldi hann sig ekki hafa náð sér að fullu vegna meiðslanna, er hann var yfirheyrður þann 10. janúar s. l.

Er slys þetta varð, var Kristján Benediktsson verkstjóri, Bústaðabletti 3 hér í bæ, 49 ára að aldri, farþegi í bifreiðinni R 2668. Sat hann í stýrishúsi bifreiðarinnar við hlið ákærða, og hefur hann sem vitni við rannsókn málsins skýrt svo frá, að sér hafi virzt bifreiðinni ekið fremur hægt austur götuna, og hafi henni verið haldið vel á vinstra vegarhelmingi, áður en hún beygði fyrir manninn, sem ók hjólbörumum í sömu átt (þ. e. kærða). Vitnið telur, að kærði hafi verið staddur 1—2 metra frá nyrðri gangstétt götunnar, er bifreið ákærða ók fram hjá honum, og hafi hún þá farið lítið yfir miðju götunnar, því að gatan sé þarna breið. Í þessum svifum, er ákærði var að aka fram hjá kærða, sá vitnið manninn á bifhjólínu, og segir það hann þá hafa stefnt á framenda bifreiðarinnar, lítið eitt til hægri. Hafi þá ákærði sveigt þegar til vinstri frá bifhjólínu, en áreksturinn hafi orðið með skjótri svipan, þannig, að bifhjólíð rakst á hægri hlið bifreiðarinnar, sem ákærði stöðvaði þegar eftir áreksturinn. Eftir slysið segir vitnið, að hinn slasaði hjóltreiddamaður hafi legið dálítið frá syðri gangstétt. Er slysið varð, segir vitnið, að rigningarúði hafi verið og götur rakar. Lítið hafi verið tekið að bregða birtu, og farartæki hafi ekki verið tekin að tendra ljós sín. Það telur fullvist, að ákærði hafi ekki bragðað áfengi dag þann, er hér um ræðir, og ekkert hafi yfirleitt verið athugavert við framkomu hans.

Nokkru eftir að slysið varð, komu þeir lögregluþjónarnir Konráð Ingimundarson, Vifilsgötu 11 hér í bæ, 33 ára að aldri, Eiður Gíslason, Bústaðavegi 4 hér í bæ, 25 ára að aldri, og Þorleifur Pálmi Jónsson, Kárastíg 13 hér í bæ, 27 ára að aldri, á slystaðinn. Hafa þeir litlar sjálfstæðar upplýsingar getað gefið varðandi slysið og aðdraganda þess, þar eð þeir komu ekki á staðinn fyrr en það var fyrir nokkru stundu orðið, eins og fyrr segir, og ekki gátu þeir geri uppdrátt af slysstaðnum, því að öll merki eftir farartækin, sem hlut áttu að slysinu, voru afmáð, þegar þeir komu að, og búið var að færa þau öll.

Öllum bar þeim lögregluþjónunum saman um, að ekkert hafi þeir séð eða fundið athugavert við ákærða þarna á slysstaðnum.

Við rannsókn málsins hefur kærði skýrt þannig frá málavöxtum.

Hann kveðst hafa verið staddur nálægt gatnamótum Skúlagötu og Vitastígs um það leyti er margnefnt slys skeði, og hafi hann ekið hjólbörum á undan sér austur Skúlagötuna. Gizkar hann á, að hann hafi haldið sér með hjólbörur sínar um 4 metra frá vinstri gangstétt, en þó heldur vinstra megin á götunni, miðað við þá átt, sem hann stefndi í. Er kærði var staddur á fyrrnefndum stað, kveðst

hann hafa heyrt hljóðmerki frá bifreið, sem ók á eftir honum, en hann hafi eftir sem áður haldið stefnu sinni óbreyttri, og hafi gert ráð fyrir, að bifreið þessi æki vinstra megin fram hjá sér. Það hafi þó ekki orðið, og hafi bifreiðin sveigt til hægri og ekið þeim megin fram hjá honum, en síðan sveigt aftur til vinstri, er hún var komin fram hjá kærða, en alveg í þessum svifum rakst bifhjól, er kom akandi vestur götuna, á hægri hlið bifreiðarinnar eða hæggra afturhjól, að því er kærði telur. Hann telur, að bifreið þessi, sem síðar reyndist vera bifreið sú, sem ákærði ók, hafi ekið með venjulegum innanbæjarhraða á leið hennar vestur götuna. Ekki telur hann, að bifhjólinu, sem rakst á bifreiðina, hafi verið ekið hart um það leyti, er áreksturinn varð, og hafi því verið haldið vinstra megin á götunni, miðað við stefnu í vestur. Kærði sá ákærða á slysstaðnum og átti var tal við hann, og kveðst hann ekki hafa séð neitt athuga-vert við framkomu hans.

Hefur nú málavöxtum verið lýst, svo sem ástæða þykir til, og skal nú athugað, hvort þeir ákærði og kærði teljast með atferli sínu hafa brotið þau ákvæði laga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem mál þetta hefur verið höfðað gegn þeim fyrir brot á.

Þótt akstur ákærða hafi verið óaðfinnanlegur að mörgu leyti um það leyti, sem margnefnt slys varð, og þrátt fyrir það, að stjórnandi bifhjólsins, sem rakst á bifreið ákærða virðist sjálfur hafa átt nokkra sök á árekstrinum, telst þó nokkuð hafa skort á aðgæzlu af hálfu ákærða, er hann ekur fram úr vegfaranda með ökutæki, án þess að aðgæta nægilega, hvort vegurinn væri auður og hindrunarlaus á nægilega löngu svæði fram undan, þannig, að vegfarendum eða bifreið hans stafaði ekki hættu af því að hann sveigði út á götuna fram hjá vegfarandanum. Hefur hann með þessum aðgæzluskorti brotið 4. málsg. 26. gr. og 1. málsg. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 2. gr. og 3. málsg. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Einnig telst hann hafa brotið 219., sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, með því að valda lestrun á manni með akstri sínum, sem ekki telst eftir atvikum nægilega varfærnislegur. Þykir refsing ákærða, samkvæmt 219. gr. hegningarlagnna, 38. gr. bifreiðalaganna og 14. gr. umferðarlaganna og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það verður að telja sannað samkvæmt eigin framburði kærða, að hann hafi haldið sér með hjólbörur sínar því sem næst á miðri götu, þegar bifreið ákærða ók fram hjá honum. Hefur hann með þessu athæfi sínu brotið 1. málsg. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 og 13. gr. umferðarlaganna. Þykir refsing hans, samkvæmt 96. gr. lögreglusamþykktarinnar og 14. gr. umferðarlaganna, og með tilliti til þess, til hvers þessi háttsemi

hans leiddi, hæfilega ákveðan 300.00 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þeir ákærði og kærði greiði skipuðum verjendum sínum í máli þessu, þeim hæstaréttarlögmönnunum Gunnari Þorsteinssyni og Sigurði Ólasyni, hvorum um sig kr. 300.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað ber að dæma þá til að greiða in solidum.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

D ó m s o r ð :

Ákærði Magnús Tómas Jónasson greiði 600.00 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Jón Jóhannsson greiði 300.00 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði og kærði greiði hvor um sig skipuðum verjendum sínum í máli þessu, hæstaréttarlögmönnunum Gunnari Þorsteinsyni og Sigurði Ólasyni, hvorum um sig kr. 300.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði þeir in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. október 1948.

Nr. 39/1948. Þórður Þorgrímsson, Margrét Þorkeldsdóttir og Þorsteinn Snædal f. h. Jóhönnu Lúðvíksdóttur (Hrl. Magnús Thorlacius)

gegn

Þorsteini Brandssyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Húsaleigumál. Synjun útburðar.

Dómur hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð